

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 13.10.2023  
Tilv. 2023/0161 - 0.0.01  
MS

**Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, lögum um íslensk landshöfuðlén og lögum um fjarskiptastofu, 205. mál**

Vísað er til tölvubréfs, dags. 29. september 2023, þar sem Neytendastofu var sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, lögum um íslensk landshöfuðlén og lögum um fjarskiptastofu, 205. mál. Stofnunin þakkar tækifærið til að tjá sig um frumvarpið.

Í tilefni 3. gr. frumvarpsins vill Neytendastofa vekja athygli á heimild stofnunarinnar til að leita lögbanns til verndar heildarhagsmunum neytenda skv. 25. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Samkvæmt ákvæðinu getur Neytendastofa, með lögbannskröfu, lagt fyrir skráningaraðila eða skráningarmiðlun að loka, læsa eða endurskrá lén á Neytendastofu. Við beitingu ákvæðisins skal jafnframt fylgja skilyrðum laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

Neytendastofa telur þörf á að færa stofnuninni sambærilega heimild og veitt er með 3. gr. frumvarpsins þannig að hún geti beitt úrræðum sínum gagnvart skráningarstofu. Sú breyting getur að mati stofnunarinnar annað hvort verið með 3. gr. frumvarpsins eða breytingu á 25. a. laga nr. 57/2005 þannig að skráningarstofu sé bætt við upptalningu c. liðar 2. mgr. ákvæðisins.

Neytendastofa vill jafnframt benda á, í tilefni 4. gr. frumvarpsins, að stofnunin getur samkvæmt 20. gr. áðurnefndra laga nr. 57/2005 krafist upplýsinga í tengslum við athugun einstakra mála. Sú upplýsingaöflun nær til skráningarstofu og hefur þessi heimild verið nýtt í málsmeðferð Neytendastofu. Í framangreindu ákvæði er ekki vísað sérstaklega til skráningarstofu samkvæmt lögum nr. 54/2021 og því má leiða að því líkur að vandamál geti skapast við upplýsingaöflun Neytendastofu. Því telur Neytendastofa þörf á að stofnuninni sé bætt við upptalningu í verðandi 11. gr. a. laga nr. 54/2021 til þess að taka af allan vafa um að hún geti enn krafist umræddra upplýsinga við athugun einstaka mála.

Virðingarfyllst  
f.h. Neytendastofu

  
Matthildur Sveinsdóttir